



## Verðbólgan fór upp í 3,3% í apríl

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,37% milli mánaða og mælist 12 mánaða verðbólga nú 3,3% samanborið við 2,9% í mars. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,48% milli mánaða og mælist 2,8% verðbólga á þann mælikvarða samanborið við 2,4% í mars.

Niðurstaðan var í samræmi við væntingar, en opinberar spár lágu á bilinu +0,3% til +0,4%. Við höfðum spáð +0,3%.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- Það var viðbúið að **flugfargjöld til útlanda** myndu verða aðaláhrifaþátturinn milli mánaða að þessu sinni, en þessi liður hækkaði um 20,1%. Þetta er svipað og við höfðum spáð. Er þessi hækkun fyrst og fremst vegna tímasetningu páska. Flugfargjöld hækka jafnan töluvert í páskamánuði en þeir voru nú í apríl. Ólíklegt er að áhrif af falli WOW hafi verið komið inn að nokkru marki. Meðalverð í mars og apríl í ár var nokkurn veginn óbreytt milli ára en páskaárir í fyrra voru um mánaðarmóti mars og apríl.

- **Bensín og díselolía** hækkaði í samræmi við verðmælingu okkar. Síðan sú mæling var gerð hefur bensín hækkað um 2,0% í viðbót.

- **Reiknuð húsaleiga** lækkaði smávegis, en við höfðum spáð hækkun.


### Gerum ráð fyrir 3,2% verðbólgu í júlí

Eins og staðan er í dag reiknum við með óbreyttri vísitölu í maí, +0,4% í júní og +0,1 júlí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,2% í júlí.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,2%	-0,16%	3,9%
Áfengi og tóbak	2,4%	-0,03%	1,8%
Föt og skór	4,3%	0,91%	1,3%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	0,04%	4,6%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	-0,04%	4,0%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	-0,54%	3,0%
Heilsa	4,0%	0,27%	1,7%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	2,84%	0,8%
Kaup ökutækja	5,6%	0,13%	4,7%
Bensín og díselolía	3,5%	2,51%	8,0%
Flugfargjöld til útlanda	1,7%	20,57%	9,1%
Póstur og sími	1,8%	-2,47%	-7,3%
Tómst. og menning	9,9%	-0,15%	1,2%
Menntun	0,4%	0,00%	-1,7%
Hótel og veitingast.	5,8%	0,26%	3,4%
Aðrar vörur og þjónusta	6,6%	-0,26%	2,5%

Heimild: Hagstofa Íslands


### Framlag undirliða



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




### Vísitala neysluverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

### Verðbólguþá




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Flugfargjöld til útlanda - breyting milli ára í mars/apríl




Heimild: Hagstofa Íslands

### Mánaðarbreyting VNV í apríl




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

### Framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands

### Breyting undirliða á tólf mánaða tímabili



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.